

Nd.

49. Frumvarp til laga

[47. mál]

um breyting á lögum um Iðnlánasjóð, nr. 68 10. okt. 1967.

Flm.: Jóhann Hafstein, Lárus Jónsson.

1. gr.

2. tölul. 5. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkissjóðs, 30 millj. kr. á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Greinargerð.

Íslenzkur iðnaður hefur á síðari árum haslað sér völl meðal höfuðatvinnuvega þjóðarinnar. Aldrei hefur iðnaður hér á landi tekið örari framförum en eftir gengisbreytinguna 1968, sem var iðnaðinum sérlega hagkvæm, og fram á árið 1971. Framleiðslumagnið jókst stöðugt frá 10—15%, og sömuleiðis fór framleiðni vaxandi.

Fjárskortur var iðnaðinum hins vegar örðugur, svo sem reyndar annarri atvinnustarfsemi hérlandis. Gerðar voru sérstakar ráðstafanir í samráði við Seðlabankann til þess að bæta úr rekstrarfjárskorti iðnaðarins. Sett var löggjöf um útflutningslán iðnaðinum til handa með stofnun Útflutningslána sjóðs með 150 millj. kr. stofnfé. Úr þessum sjóði má jafnframt veita iðnfyrirtækjum „samkeppnislán“ svokölluð, til þess að aðstoða íslenzk iðnfyrirtæki í samkeppni við erlend fyrirtæki á innlendum markaði.

Við aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu var Norræni iðnþróunarsjóðurinn stofnaður til mikils hagræðis fyrir íslenzkan iðnað. Stofnun og starfræksla þess sjóðs má hins vegar með engu móti verða til þess að draga úr eflingu Iðnlánasjóðs, og væri slíkt beinlínis vansæmandi.

Á síðasta þingi fluttum við, flutningsmenn þessa frumvarps, frv. til l. um breyt. á lögum um Iðnlánasjóð, og fólst í því, að ríkissjóðsframlagið væri aukið úr 15 millj. kr. í 25 millj. árlega. Voru færð að því rök, að ella færi ríkissjóðsframlagið rýrnandi með rýrnandi peningagildi. Nú leggjum við til, að ríkissjóðsframlagið verði aukið í 30 millj. kr. bæði til þess að vinna upp þá vanrækslu, sem af því leiddi, að frumvarp okkar á síðasta þingi náði ekki fram að ganga, og eins til þess, að framlagið hækki vegna verðbreytinga og aukins tilkostnaðar við fjárfestingu iðnaðarins í húsum og vélum, sem Iðnlánasjóður lánar til. Mun þá hlutfall milli tekna Iðnlánasjóðs annars vegar af iðnlánasjóðsgjaldi, sem iðnfyrirtækin sjálf greiða, og ríkissjóðsframlag haldast í svipuðum hlutföllum og 1970.

Til frekari glöggvunar og upplýsinga fylgja hér tvö yfirlit um Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð.

Fylgiskjal I.

IÐNLÁNASJÓÐUR
Greiðsluyfirlit 1970—1973
(í millj. kr.)

Innborganir	Reikn. 1970	Reikn. 1971	Áætlun 1972	Áætlun 1973
1. Afborganir	40.5	76.7	80.5	93.5
2. Vextir	28.3	48.3	49.8	53.6
3. Iðnlánasjóðsgjald	31.0	40.5	45.0	55.0
4. Framlag ríkissjóðs	10.0	15.0	15.0	15.0
5. Verðjöfn.gj. v/veiðarfæra	1.6	2.2	2.0	2.0
6. Framleiðslugj. af áli	—	2.3	3.0	5.0
7. Lán frá Iðnþróunarsjóði	50.0	24.0	—	—
8. Sjóðslækkun	15.0	—	10.0	—
	176.4	209.0	205.3	224.1

Útborganir

9. Afborganir	6.1	31.5	35.3	30.8
10. Vextir	8.1	21.5	22.6	20.8
11. Kostnaður	3.6	4.0	4.5	5.0
12. Til hagrannsóknna skv. lögum ..	1.8	4.4	3.0	3.0
13. Hagræðingarlán, nettó	3.4	—	—	—
14. Útflutningslána sjóður, stofnfé ..	—	9.0	24.0	17.0
15. Fjárfestingarfélag Ísl., stofnfé	—	1.7	1.8	1.7
16. Sjóðhækkun	—	17.7	—	—
	23.0	89.8	91.2	78.3
17. Til ráðstöfunar	153.4	119.2	114.1	145.8
18. Lán frá Framkv.sjóði Íslands ..	16.0	11.7	40.0	40.0
19. Veitt lán	169.4	130.9	154.1	185.8

Framangreind breyting á greiðsluyfirlitum Iðnlánasjóðs 1972 og 1973 er gerð vegna hækkunar á áætluðum innheimtum iðnlánasjóðsgjöldum þessi ár. Ólafur Davíðsson, hagrannsóknardeild F. Í., hefur kannað þetta atriði og áætlað innborganir 1972: 53.4 m. kr. og 1973: 68.0 m. kr. (sjá meðf. fylgiskjal). Með tilliti til þessarar könnunar og við nánari athugun álitur framkvæmdastjórn Iðnlánasjóðs rétt að hækka þessa innborgunarliði 1972: um 3.0 m. kr. og 1973: um 10.0 m. kr.

Fylgiskjal II.

IÐNÞRÓUNARSJÓÐUR

Yfirlit yfir samþykkt lán 1970—20. október 1972.

Iðngrein	1971		1972		Samt. 1970—20/10 '72	
	Fjöldi lána	Upphæð (millj.)	Fjöldi lána	Upphæð (millj.)	Fjöldi lána	Upphæð (millj.)
1. Matvælaíðnaður	5	24.0	—	—	6	30.0
2. Vefjar- og fataíðnaður	7	47.9	8	66.5	17	144.4
3. Húsg.- og innr.íðnaður	1	3.5	6	17.0	7	20.5
4. Umbúðaiðnaður	3	9.6	2	15.0	6	39.6
5. Skinna- og leðuriðnaður	2	17.4	—	—	2	17.4
6. Efnaiðnaður	2	6.8	1	10.0	3	16.8
7. Steinefnaiðnaður	4	19.0	1	2.0	6	29.0
8. Skipasmíðar	4	18.5	2	7.0	6	25.5
9. Málmiðnaður	9	32.7	6	37.0	15	69.7
10. Annað	3	21.9	1	9.0	5	36.9
	40	201.3	27	163.5	73	429.8
Lán til annarra sjóða	1	4.0	1	50.0	4	174.0
	41	205.3	28	213.5	77	603.8